

# Gjaldskrá Húnabyggðar fyrir afgreiðslu, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa



## 1. gr.

### Almenn ákvæði

#### 1.1.

Vegna byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

#### 1.2.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við viðskiptavinum sveitarfélagsins.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

#### 2.1.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greiðist við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi, skipulag eða skipulagsbreytingu. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins.

#### 2.2.

Úttektargjald: Gjald sem greiðist vegna úttektar byggingarfulltrúa á framkvæmda stað.

#### 2.3.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga, póstkostnaðar og annarrar umsýslu.

#### 2.4.

Auka yfirferð: Yfirferð breyttra skipulagsgagna þar sem umsókn og móttaka gagna hefur áður átt sér stað.

## 3. gr.

### Byggingarleyfis- og byggingarheimildargjöld.

#### 3.1.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfis- og byggingarheimildargjöld fyrir útgáfu á byggingarleyfi/byggingarheimild sem byggingarfulltrúi veitir. Innifalið í byggingarleyfis- og byggingarheimildargjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, samþykkt byggingaráforma og útgáfa byggingarleyfis/byggingarheimild, hæðarsetning og útsetning lóðar, skráning mannvirkja, stöðuskoðanir og vottorð um öryggis- og lokaúttekt.

Fyrir byggingarleyfi/byggingarheimild nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóða og samþykki fyrir breyttri notkun greiðist fast gjald 82.500kr. Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga skv. eftirfarandi:

## Gjaldskrá Húnabyggðar fyrir afgreiðslu, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa



Nýbygging eða viðbygging íbúðarhúsnæðis:	495kr. pr. m <sup>2</sup> brúttó
Iðnaðar-, þjónustu- og landbúnaðarbyggingar:	374kr. pr. m <sup>2</sup> brúttó

### 3.2.

Greiða skal afgreiðslu- og þjónustugjöld fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram það sem innifalið er í byggingarleyfisgjaldi:

Afgreiðslugjald:	16.500kr.
Endurtekning á yfirferð uppdráttar:	16.500kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 2 til 4 eignir í húsi:	38.500kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 5 eða fleiri eignir í húsi:	55.000kr.
Endurtekin yfirferð á eignaskiptayfirlýsingu:	16.500kr.
Úttekt vegna byggingarstjóranskipta:	33.000kr.
Endurtekning lokaúttektar:	33.000kr.
Stöðuúttekt:	33.000kr.
Vottorð, önnur en þau sem fram koma í gjaldskrá:	33.000kr.
Fyrir hverja aukaútsetningu lóðar/húss; pr. mælingu:	skv. reikningi
Afgreiðslugjald vegna tilkynnta framkvæmda:	33.000kr.
Afgreiðslugjald húsa sem eru byggð utan lóðar og ætluð til flutnings úr héraði:	88.000kr.
Stöðuleyfi; gámar 40 fet, hús, bátar, hjólhýsi, sumarhús, söluvagnar o.fl.:	33.000kr.
Gámar 20 fet	16.500kr.

### Útrentun uppdráttar:

- A0: 1.100kr./blað
- A1: 800kr./blað
- A2: 400kr./blað
- A3: 150kr./blað.

Heimilt er að leggja aukagjald á umsækjanda vegna aðkeyptrar vinnu skv. útlögðum kostnaði. Heimilt er að innheimta tímagjald 16.500kr. á klukkutsund vegna vinnu byggingarfulltrúa sem ekki er skilgreind í gjaldskrá og vinnu sem er veruleg umfram gjaldskrá.

Stöðuleyfi er að jafnaði veitt til eins árs.

### 3.3.

Fermetragjald skv. gr. 3.2. reiknast af brúttóflatarmáli skv. lokunarflokki A skv. gr. 4.4. í ÍST50.

### 3.4.

Stöðuleyfi til eins árs er miðað við hverja einingu, þar sem ein eining getur til dæmis verið einn gámur af mörgum í vinnubúðum. Álögð gjöld skv. 51. gr. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 um veitingu stöðuleyfis og skulu greidd áður en leyfi er gefið út.

### 3.5.

# Gjaldskrá Húnabyggðar fyrir afgreiðslu, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa



Byggingarleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða fyrir útgáfu byggingarleyfis.

## 3.6.

Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu byggingarleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu byggingarleyfis.

## 3.7.

Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis greiðist tímagjald 16.500kr.

## 3.8.

Vegna aðkeyprar vinnu við útgáfu byggingarleyfis verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

## 4. gr.

### Kostnaður vegna skipulagsvinnu

#### 4.1.

Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

#### 4.2.

Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

#### 4.3.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 16.500kr. á klukkustund eða gjald skv. reikningi.

#### 4.4.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:

Afgreiðslugjald:	16.500kr.
Tímagjald vegna landmælinga og útsetningu lóða	16.500kr.
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikning
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010:	253.000kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010:	82.500kr.
Akstursgjald per km skv ferðakostnaðarnefnd hverju sinni (t.d. vegna landmælinga o.þ.l.)	141kr.

## Gjaldskrá Húnabyggðar fyrir afgreiðslu, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa



### 4.5.

Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:

Afgreiðslugjald:	16.500kr.
Nýtt deiliskipulag sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald:	skv. reikningi
Nýtt deiliskipulag án lýsingar og kynningar, skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga 123/2010:	286.000kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010:	165.000kr.

### 4.6.

Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010:	165.000kr.

### 4.7.

Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010 með grenndarkynningu:	77.000kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010 án grenndarkynningar:	33.000kr.

### 4.8.

Kostnaður vegna grenndarkynningar:

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga 123/2010, deiliskipulag ekki fyrir hendi:	55.000kr.
---	-----------

### 4.9.

Kostnaður lóðamála:

Afgreiðslugjald:	16.500kr.
Stofnun lóða í Landskrá fasteigna á grundvelli deiliskipulags, grunnjald:	33.000kr.
Landnúmer umfram eitt (per lóð):	11.000kr.
Breyting á skráningu í Landskrá fasteigna:	16.500kr.

# Gjaldskrá Húnabyggðar fyrir afgreiðslu, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa



## 5. gr.

### Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

#### 5.1.

Skipulagsfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.

#### 5.2.

Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

#### 5.3.

Vegna aðkeyptrar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

#### 5.4.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.

#### 5.5.

Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:

Afgreiðslugjald:	16.500kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, viðmiðunargjald:	132.000kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald:	55.000kr.
Eftirlit umfram eina ferð sem innifalín er í framkvæmdaleyfisgjaldi:	16.500kr.

## 6. gr.

### Gjalddagi, lögveð

#### 6.1.

Gjalddagi afgreiðslugjalds er við móttöku umsókna.

#### 6.2.

Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða afgreiðslu erindis.

#### 6.3.

Byggingarleyfisgjöld skv. 3. gr. skal greiða fyrir útgáfu byggingarleyfis.

#### 6.4.

# Gjaldskrá Húnabyggðar fyrir afgreiðslu, leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa



Gjöld skv. 4. gr. falla í gjalddaga þegar sveitarstjórn hefur samþykkt erindi umsækjanda um að láta hefja vinnu við nýtt deiliskipulag, breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi eða grenndarkynningu.

6.5.

Framkvæmdaleyfisgjald skv. 5. gr. skal greiða fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.

6.6.

Gjalddagi annarra leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.

6.7.

Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, leyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

6.8.

Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur.

6.9.

Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

**7. gr.**

**Verðlagsbreytingar**

7.1.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu með grunnvísitölu 115,7 stig í nóvember 2023. Gjöldin taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölunni. Endurskoðaðar fjárhæðir gjalda skulu námundaðar í næsta heila hundrað.

**8. gr.**

**Gildistaka o.fl.**

8.1.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnabyggðar 12. desember 2023 í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi fyrri gjaldskrá.

Sveitarstjórnin í Húnabyggð, 28. desember 2023

**Pétur Arason** sveitarstjóri

